

ANTIKA EHF 2025

Álafosskvos

Fornleifaskráning vegna verndaráætlunar

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1. Kort sem sýnir staðsetningu skráningarsvæðis.

Forsíðumynd: Torfhlaðnir leikhúsbekkir

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-66-6

Verkefnanúmer MÍ: 3393

Ljósmyndir og flygildismyndir í ritinu eru teknar af höfundum, Ingu Sóleyju Kristjónudóttur og Svavari Nielssyni nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf., Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner

Efnisyfirlit

Myndaskrá	5
Inngangur	7
Fornleifaskráningar	8
Skráningarsvæðið	10
Tilgangur fornleifaskráningar	10
Fornleifaskráning og aðferðir	14
Minjanúmer	14
Tegund, hlutverk og heiti	14
Staðsetning	14
Staðhættir og lýsing	15
Hættumat	15
Fornleifar á svæðinu	16
Álafoss	16
Álafossvirkjun [3393-1940] steiptar undirstöður	19
Amsterdam – hver [2899-2891] heimild og leiðsla [3393-1927/1928/1929] rör	23
Dýfingarpallar [3393-1943] og [3393-1944] steypupallar og laug [3393-1930] lón	24
Leikhúsbekkir [3393-1941] torfbekkir	27
Brú [3393-1936] heimild	28
Drift – býli [3393-1920] heimild	28
Stekkur [3393-1924] heimild	29

Pálsgrafir – mógrafir [3393-1923] heimild	29
Samantekt og niðurstöður.....	30
Heimildir	32
Árnastofnun - Örnefnasafn	32

Myndaskrá

Mynd 1. Kort sem sýnir staðsetningu skráningarsvæðis.....	2
Mynd 2. Horft yfir minjar á skráningarsvæðinu.	8
Mynd 3. Kort sem sýnir dreifingu minja um Álafosskvos.	9
Mynd 4. Skráningarform í Mosfellsbæjargrunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.....	13
Mynd 5. Dreifing minja um svæðið.	16
Mynd 6. Verksmiðjan hlaut nafn af Álafossi í Varmá; veggjabrot frá virkjuninni sjást á bökkunum ofan við fossinn.	19
Mynd 7 Steypt veggjabrot úr Álafossvirkjun; í ánni sést einnig steypt undirstaða frá virkjuninni.	20
Mynd 8. Steyptar undirstöður vestan við veggjabrot frá virkjun.	21
Mynd 9. Steypt undirstaða frá virkjuninni ofan við Álafoss.....	21
Mynd 10. Steyptur grunnur sem hefur tilheyrt virkjuninni.	22
Mynd 11. Steyptur undirstöðuveggur á norðurbakka árinna.	22
Mynd 12. Herforingjaráðskort frá árinu 1909. Á kortinu má m.a. sjá Amsterdamhver [2899-2891] norðan Suður-Reykja.	23
Mynd 13. Loftmynd frá árinu 1950 frá Loftmyndum ehf.	24
Mynd 14. Horft niður á dýfingarpalla [1944] t.v. og [1943] t.h.....	25
Mynd 15. Dýfingarpallar við Varmá; efri pallurinn [1944] sést h.m. og glittir í neðri pall [1943] v.m.; horft austur.	25
Mynd 16. Neðri dýfingarpallurinn [1943] við Varmá.....	26
Mynd 17. Leikhúsbekkir úr torfi.	27

Mynd 18. Smábýlið Drift sést í brekkunni t.h. við veginn. Ljósmyndin birtist á bls. 306 í riti Bjarka Bjarnasonar og Magnúsar Guðmundssonar, 2005.....	28
--	----

Inngangur

Að beiðni Sigurðar S. Kolbeinssonar arkitekts, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar í landi Álafoss í tengslum við skilgreiningu verndarsvæðis í byggð. Skráningin fékk verkefnanúmerið 3393 hjá Minjastofnun Íslands.

Á svæðinu eru rústir mannvirkja sem tengdust starfseminni í Álafosskvos, svo sem brot úr stíflu fyrir ofan fossinn, brot af dýfingapöllum sem voru við stíflulónið og leifar torfhlaðinna leikhúsbekkja. Þessar minjar eru skráðar hér.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Inga Sóley Kristjónudóttir og Svavar Nielsson mældu upp fornleifar á vettvangi og tóku sumar ljósmyndirnar og flygildismyndir. Að öðru leyti sáu skýrsluhöfundar um vettvangsvinnu og heimildavinnu. Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.



Mynd 2. Horft yfir minjar á skráningarsvæðinu.

Fornleifaskráningar

Í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem var gefin út árið 2006 er rakin saga Varmár og er bæjarstæðið skráð ásamt kirkjunni sem stóð þar og fleiri minjum.¹ Þessi skýrsla var unnin upp úr eldri skráningargögnum en skipuleg skráning fornleifa í Mosfellsbæ hófst árið 1980 og var það fyrsta skráning sinnar tegundar á Íslandi. Í skýrslunni er að finna góðar lýsingar á fornleifum í sveitarfélaginu en hún er þó háð þeim takmörkunum að minjar voru ekki allar settar á kort og þær sem hafa ratað inn á vefsíðu sveitarfélagsins eru oft ekki nákvæmt staðsettar enda voru mælingartæki á þeim tíma ekki jafn nákvæm og þau eru í dag.

¹ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson, *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 121-124.

Nákvæm fornleifaskráning fór fram á hluta Varmár vestan við Vesturlandsveg árið 2021 og við þá skráningu var farið eftir nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands sem kveða á um að allar minjar skuli staðsettar og mældar nákvæmlega upp.² Sú skráning náði þó ekki til Álafosskvosar austan við Vesturlandsveg, þótt Álafoss sé innan hinna fornu landamarka Varmár.

Skráningin á Álafosskvos sem hér fer á eftir er viðameiri og nákvæmari en eldri skráningar. Allar minjar eru staðsettar og mældar upp samkvæmt nýjustu stöðlum.



Mynd 3. Kort sem sýnir dreifingu minja um Álafosskvos.

² Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir, *Bæjarhóll Varmár*.

Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið nær yfir fyrirhugað verndarsvæði í byggð í Álafosskvos og fellur samkvæmt tillögunni nokkurn veginn saman við mörk deiliskipulags hennar. Mörk friðlýsta svæðisins kringum Álafoss ráða þó til norðausturs. Álafoss var upprunalega húsahverfi eða smáþorp við Vesturlandsveg í landi jarðarinnar Varmár.³

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

³ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson, *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 121-124, nr. 235.

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Attribute	Value
Id	1940
Name	Virkjun
Class	Arkeologiska object
eldra_minj_id	ekki skráð áður
minj_id	3393-1940
verkefna nr	3393
Sérheiti	Álafoss virkjun
Bæjarnafn	Varmá
Jarðatal Johnsen	235
yfirflokkun	iðnminjar
Tegund	Hleðsla
efni	steypa
verndun	friðað
Lengd	
Breidd	
Hæð	
Veggjahæð frá	
Veggjahæð til	
Breidd veggjar	
Athugasemdir	sunnan Varmá
umhverfi	árbakki
Adalsvæði	<None>
Svæði	Varmá
Túnakort	Nei
aldur_fra	1916
aldur_til	
Skráning	RT-RKT
mæling	uppmæling
Dagur	2018-2022
horfin	nei
horfin_astæða	<None>
hættumat	<None>
hættuorsok	<None>
ástand	Vel greinanlegar
minjagildi	<None>
Verkefni	Aðalskipulag Mosfellsbæjar
Verkefni_2	Verndarsvæði í byggð
Sveitarf	Mosfellsbær

Mynd 4. Skráningarform í Mosfellsbæjargrunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir Álafoss. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Álafossvirkjun [1940]“ og hlutverki þeirra, til dæmis dýfingarpallur „[1943]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Mosfellsbæ.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis stekk. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, eins og til dæmis Drift [3393-1920], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis leikhúsbekkir [3393-1941].

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Mosfellsbæjar. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing


Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhátum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif loftslags eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa sex fornleifar horfið vegna framkvæmda og eru því eingöngu þekktar af heimildum.

Fornleifar á svæðinu



Mynd 5. Dreifing minja um svæðið.

Álafoss

Hefð hefur verið fyrir ullarvinnslu við Varmá frá gamalli tíð. Ullarfossar eru í ánni skammt frá gamla Varmárbænum og þangað komu bændur og tóvinnufólk langt að til þess að þvo ull og breiddu hana til þerris í nálægum brekkum. Sennilega hefur Ullarnes, hæð rétt norðan við Álafoss, vestan Helgafells, líka hlotið nafn af þessu.⁴ Tóvélaverkstæði var síðan sett upp við Álafoss í Varmá árið 1896 að frumkvæði Bjarnar Þorlákssonar (1854-1904) bónda og smiðs. Björn kynnti sér ullarvinnslu í Lillehammer í Noregi veturinn 1894-1895 og keypti jörðina Varmá við heimkomuna til Íslands. Þangað fluttist hann og hófst handa við að byggja tveggja

⁴ Magnús Guðmundsson, *Ull verður gull*, 31.

hæða hús með kjallara við Álafoss og var starfsemin á neðri hæð en íbúðarhúsnæði fyrir Björn og starfsfólkið á efri hæð. Húsið stendur enn og er elsta byggingin á staðnum.⁵



Áður unnu bændur annað hvort sjálfir úr ullinni eða seldu hana óunna úr landi en með tilkomu Álafossverksmiðjunnar varð sú breyting að þeir gátu fengið hana þvegna, kembda og spunna í lopa og band og greitt fyrir verkið með ull. Tóvélaverkstæðið að Álafossi var hið þriðja á Íslandi.⁶

Halldór Jónsson tók við verksmiðjunni af Birni árið 1898. Hann efldi reksturinn, keypti meðal annars tvinningarvél, lóskurðarvél og þæfingarvél og varð fyrstur hér á landi til að nota vélknúna vefstóla. Frá og með árinu 1901 var hægt að vefa 220 sm breiða dúka að Álafossi og

⁵ Magnús Guðmundsson, *Ull verður gull*, 31; Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 297-298.

⁶ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 398; Magnús Guðmundsson, *Ull verður gull*, 31.

einnig var farið að þæfa og lita heimaofin vaðmál. Framleiðslan var síðan flutt til Reykjavíkur með vagnhestum. Árið 1901 voru 18 starfsmenn að Álafossi og var þar eitt fjölmennasta heimili sveitarinnar. Halldór byggði síðar nýtt íbúðarhús vestan við eldra húsið og auk rekstursins var verksmiðjan með svólíttinn búskap. Halldór varð að selja sýslusjóði Kjósarsýslu eignir sínar árið 1910 vegna rekstrarörðugleika en leigði verksmiðjuna áfram um leið og hann skuldbatt sig til að vinna ull fyrir íbúa Kjósarsýslu á hálfvirði.⁷

Bogi A. J. Þórðarson keypti síðan verksmiðjuna árið 1913, endurbætti hana og jók vélakostinn, en Sigurjón Pétursson eignaðist síðan hlut í henni árið 1917 og keypti hana alla ásamt Einari bróður sínum árið 1919. Hún var eign Sigurjóns og fjölskyldu hans frá árinu 1923.⁸ Sigurjón var athafnamaður og jók umsvifin í íslenskum ullariðnaði. Hann hafði meðal annars lært netahnýtingar á Englandi og starfrækt netavinnslu í Reykjavík og hóf netagerð að Álafossi í viðbyggingu sem nefndist Netaskúr árið 1919. Í fyrsta skipti voru þorska-, síldar- og silunganet hnýtt í vélum á Íslandi og hélt þetta áfram fram yfir 1930. Sigurjón stækkaði verksmiðjuhúsin og nýtti til upphitunar hveravatn úr hvernum Amsturdam [2891]. Byggð voru fleiri starfsmannahús enda fjölgaði starfsfólkinu í um 40 manns og var unnið dag og nótt. Flestir bjuggu á staðnum þannig að kringum Álafoss myndaðist fyrsti vísirinn að þéttbýli í Mosfellshreppi. Fyrir utan starfsemina að Álafossi stóð Sigurjón fyrir alls konar menningarviðburðum og elfdi bæði menningarlíf og íþróttir á staðnum.⁹

Verksmiðjan Álafoss hlaut nafn af samnefndum fossi í Varmá en síðar færðist nafnið yfir á húsahverfið eða smáþorpið sem myndaðist kringum starfsemina og nú er oftast talað um Álafosskvos.

⁷ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 397-399; Magnús Guðmundsson, *Ull verður gull*, 114.

⁸ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 298-299; Magnús Guðmundsson, *Ull verður gull*, 31-34

⁹ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 299-303; Magnús Guðmundsson, *Ull verður gull*, 34.



Mynd 6. Verksmiðjan hlaut nafn af Álafossi í Varmá; veggjabrot frá virkjuninni sjást á bökkunum ofan við fossinn.

Álafossvirkjun [3393-1940] steypar undirstöður

Björn Þorláksson sá mikla möguleika til ullarvinnslu í Varmá sem rann til sjávar ylvolg af hveravatni. Hún fraus ekki og var því hentug til ullarþvotta, vatnsrennslið stöðugt og brekkann við Álafoss myndaði góðan halla til að knýja tóvinnuvélarnar með vatnsafla úr ánni. Fossinn var miklu vatnsmeiri á þeim tíma og var virkjaður fyrir verksmiðjuna sem komið var upp neðan hans á suðurbakka Varmár. Fyrir ofan fossinn var gerð stífla eða steypugarður í ána og vatnið síðan leitt niður um rennu eða svert rör að yfirfallshjóli sem sneri öxli í lofti vélahússins í verksmiðjunni, en vélarnar voru tengdar við aðalöxulinn með reimum.¹⁰ Í virðingargjörð frá 27. nóvember 1916 kemur fram að fossaflíð knúði 30 hestafla túrbínu og að

¹⁰ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 297-298.

verksmiðjuhúsið var hitað upp með hveravatni.¹¹ Bogi Þórðarson hækkaði stífluna í ánni til að bæta aflstöðina þannig að árið 1916 var hún 1,5 m að þykkt og 2,5 m að hæð.¹²



Mynd 7 Steypt veggjabrot úr Álafossvirkjun; í ánni sést einnig steypt undirstaða frá virkjuninni.

Hvorki stíflan né annað sem tilheyrði virkjuninni stendur lengur en brotakenndar minjar þessa mannvirkis sjást ofan við fossinn, í ánni sjálfri og á bökkunum beggja vegna. Steyptur veggur og veggjabrot úr virkjuninni er á suðurbakkanum ásamt steyptum jarðföstum undirstöðum rétt vestan þeirra.

¹¹ Magnús Guðmundsson, *Ull verður gull*, 115.

¹² Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 299.



Mynd 8. Steyptar undirstöður vestan við veggjabrot frá virkjun.



Mynd 9. Steypt undirstaða frá virkjuninni ofan við Álafoss.


Steypubrot og steypur veggur á norðurbakka Varmár eru beint á móti. Þessar minjar hafa tilheyrt stíflunni eða virkjuninni. Steyptar undirstöður frá henni eru auk þess í ánni sjálfri ofan við fossinn. Þá hefur steypur ferhyrndur pallur eða grunnur í jörðinni á norðurbakka árinna einnig tilheyrt þessu mannvirki. Hann hverfur að hluta til inn í bakkann. Ekkert sést hins vegar lengur af vatnsrennunni sem lá niður í verksmiðjuhúsið.



Mynd 10. Steyptur grunnur sem hefur tilheyrt virkjuninni.



Mynd 11. Steyptur undirstöðuveggur á norðurbakka árinna.



Mynd 12. Herforingjaráðskort frá árinu 1909. Á kortinu má m.a. sjá Amsterdamhver [2899-2891] norðan Suður-Reykja.

Amsturdam – hver [2899-2891] heimild og leiðsla [3393-1927/1928/1929] rör

Hverinn Amsterdam eða Amsturdam var virkjaður árið 1920 og verksmiðjuhúsið hitað upp með vatni frá honum. Hverinn fylgdi Álafossi en var í landi Suður-Reykja.¹³ Var vatnið úr honum var leitt um 1100 m leið að verksmiðjunni.¹⁴ Í virðingagjörð frá árinu 1916 segir: „Um allt verksmiðjuhúsið er rörleiðsla, sem það er hitað upp með frá miðstöðvarvél (gufukatli) á neðstu hæð (kjallara). Verksmiðjuhúsið og íbúðarhúsið eru bæði lýst upp með rafmagni. Jörðinni fylgir Amsterdamhver.“¹⁵ Hverinn var einnig nefnd nefndur Amsturdamlaug.¹⁶ Í

¹³ Magnús Guðmundsson, *Ull verður gull*, 115.

¹⁴ „Klæðaverksmiðjan Álafoss“, 5.

¹⁵ Pétur Sigurjónsson, *Klæðaverksmiðjan Álafoss í tíð Sigurjóns Péturssonar 1917-1955-60*, xx.

¹⁶ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson, *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 250-33.

landi Suður-Reykja var einnig hjáleiga með nafninu Amsturdam en hún var alllangt frá hvernum og ekki er ljóst hvers vegna hverinn hét sama nafni.¹⁷



Mynd 13. Loftmynd frá árinu 1950 frá Loftmyndum ehf.

Á loftmynd frá árinu 1950 sjást leifar af röri [1927/1928/1929] norðan við Varmá sem gæti verið leiðslan frá hvernum. Hún liggur austur og beygir suðvestur þar sem virkjunin er. Við austurendann sést fyrirhyrnt mannvirki sem greinilega er hluti af leiðslunni, ef til einhvers konar stöð á leiðinni. Á vettvangi voru mældir þrír punktar þar sem sjá mátti ógreinilegar leifar af þessari leiðslu.

Dýfingarpallar [3393-1943] og [3393-1944] steypupallar og laug [3393-1930] lón

Þegar Varmá var stífluð ofan við Álafoss myndaðist talsvert dýpi í henni sem var notað til sundiðkunar og dýfinga. Í brekkunni ofan við lónið voru steiptir dýfingarpallar, efri og neðri, sem hægt var að stökkva af. Undirstöðurnar fyrir þessum pöllum hafa varðveist og er sú efri [1944] heillegri en brot hafa klofnað frá hinni neðri [1943]. Undirstöður pallanna hafa minjagildi sem hluti af sögu Álafoss.

¹⁷ Ö-Suður-Reykir, 20-21;



Mynd 14. Horft niður á dýfingarpalla [1944] t.v. og [1943] t.h.



Mynd 15. Dýfingarpallar við Varmá; efri pallurinn [1944] sést h.m. og glittir í neðri pall [1943] v.m.; horft austur.

Upphaflega var einfaldlega notast við stíflulónið til sundiðkunar og mótar enn fyrir útlínunum þess í landslaginu. Í tíð Sigurjóns Péturssonar var íþróttaiðkun eflað að Álafossi og meðal annars með byggt sundlaugarhús sem reist var yfir Varmá. Þessi sundlaug var vígð árið 1933 og notuðust bæði starfsmenn Álafoss og aðrir Mosfellingar við hana. Sigurjón stóð fyrir sundkennslu á staðnum og var kjörorð hans „heilbrigð sál í hraustum líkama.“ Álafosslaugin var notuð fyrir sundkennslu skólabarna um 30 ára skeið og var eina almenningslaugin í sveitarfélaginu þangað til Varmárlaug var vígð árið 1964.¹⁸



Mynd 16. Neðri dýfingarpallurinn [1943] við Varmá.

¹⁸ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 306-310; Magnús Guðmundsson, *Ull verður gull*, 118.

Leikhúsbekkir [3393-1941] torfbekkir

Í tengslum við hátíðahöld á svokölluðum fánadegi voru útbúin sæti úr torfi í brekkunni í Álafosskvos. Á fánadeginum var fjölbreytt dagskrá: íþróttakeppnir, leikþættir, ræðuhöld og tónlist og stigin var dans í stóru tjaldi. Sigurjón Pétursson efndi fyrst til fánadags 12. júní árið 1927 og frá árinu 1929 fór dagskráin fram niðri í kvosinni við ána. Þá var áhorfendabekkjunum komið upp og má enn sjá þá grasi vaxna. Þeir eru úr torfi hver upp af öðrum í brekku og vel varðveittir í brekkunni. Leikhúsbekkirnir hafa ótvírætt minjagildi.

Neðan brekkunnar var byggt lítið leikhús árið 1930 sem mátti opna til austurs þannig að það blasti við áhorfendum í brekkunni. Dansleikirnir voru haldnir í stóru tjaldi á túninu við fossinn.¹⁹



Mynd 17. Leikhúsbekkir úr torfi.

¹⁹ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 305, 307.

Brú [3393-1936] heimild

Halldór Jónsson, eigandi Álafossverksmiðjunnar tímabilið 1898-1910, stóð meðal annars fyrir brúargerð yfir Varmá. Í fundargerð hreppsnefndar frá 1903 kemur fram að hann hefur lagt fram beiðni um að „Varmá yrði brúuð hjá Álafossi svo að gangandi menn gætu komist yfir ána. Var samþykkt að kaupa efni til brúarinnar fyrir fje hreppsvegasjóðs en Halldór Jónsson lofar að flytja efnið til brúarstæðisins og að leggja brúna.“²⁰ Brúin hefur væntanlega verið á sama stað og nú sem er suðvestan við Álafosshúsið. Þótt hún hafi verið endurnýjuð frá því á dögum Halldórs er brúarstæðið gamalt og hefur sögulegt gildi sem slíkt.



Mynd 18. Smábýlið Drift sést í brekkunni t.h. við veginn. Ljósmyndin birtist á bls. 306 í riti Bjarka Bjarnasonar og Magnúsar Guðmundssonar, 2005.

Drift – býli [3393-1920] heimild

Drift var smábýli sem upphaflega var stofnað sem nýbýli úr Helgafellslandi en eftir að verksmiðjurekstur hófst að Álafossi bjuggu sumir starfsmennirnir þar. Drift var efst í

²⁰ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 298.

brekkunni upp af brúnni yfir ána, þriggja bursta, að hluta torfbundið býli og útihús á brekkubrúnni norðvestanvert.²¹ Býlið var rífið um 1935.²²

Stekkur [3393-1924] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Ef við höldum svo áfram upp með Varmá, er þar svonefnd Stekkjarflöt og Hringur, þar sem nú er verksmiðjan Álafoss. Heldur ofar var foss á ánni, sem heitir Álafoss. Upp af Stekkjarflöt var nefnt Urðir og milli Stekkjarflatar og Hrings kom lækur, sem hét Stekkjarlækur. Hann kom ofan úr Jarðföllum sem þarna ganga upp í melana.“²³ „StekkjARBELTI hét klettabelti upp af Stekkjarflöt. Þar fyrir ofan eru jarðföll.“²⁴ Miðað við lýsinguna fór Stekkjarflöt undir Álafossverksmiðjuna og sjást engar minjar um þennan stekk lengur.

Pálsgrafir – mógrafir [3393-1923] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Uppi á hæðinni suður af Álafossi eru Pálsgrafir, svo voru Kúaflatir.“²⁵ Þarna er átt við fossinn en ekki samnefnt verksmiðjuhús. Miðað við það hafa Pálsgrafir ef til vill verið á mörkum verndarsvæðisins. Í athugasemdum Árna Jónssonar frá Varmá við þetta segir hins vegar: „Skammt fyrir neðan Markafoss voru gamlar mógrafir, nefndar Pálsgrafir.“²⁶ Markafoss er miklu ofar með ánni, á mörkum gagnvart Stekkjarkoti og hafa Pálsgrafir samkvæmt því verið langt fyrir utan Álafosskvosina, nær landi Syðri-Reykja. Mógrafirnar voru þó skráðar undir Varmá við fornleifaskráningu 2006.²⁷ Hvað sem því líður sjást engar menjar um þær. Staðsetning er ekki nákvæm,

²¹ Pétur Sigurjónsson, *Klæðaverksmiðjan Álafoss í tíð Sigurjóns Péturssonar 1917-1955-60*, 90-91.

²² Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 306.

²³ Ö-Varmá AG.

²⁴ Ö-Varmá ÁJ; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson, *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 235-5.

²⁵ Ö-Varmá AG.

²⁶ Ö-Varmá ÁJ I.

²⁷ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson, *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 235-10.

Samantekt og niðurstöður

Skráðar voru 12 minjar en þar af teljast 11 vera fornleifar. Sex minjar eru varðveittar á vettvangi en sex eru horfnar.

Brotakenndar minjar eru varðveittar af Álafossvirkjun [1940] ofan við fossinn Álafoss. Það eru annars vegar steypdur veggur og veggjabrot ásamt steypum jarðföstum undirstöðum á suðurbakka Varmár. Hins vegar eru steypdur veggur og steypubrot á norðurbakka Varmár beint á móti og steypdur ferhyrndur pallur eða grunnur. Þessar minjar hafa tilheyrt stíflunni í virkjuninni. Varðveislan er fremur léleg og minjagildið ekki hátt en þessar minjar hafa þó allnokkuð gildi í samhengi við sögu staðarins. Verksmiðjuhúsið var hitað upp með vatni frá hvernum Amsturdam [2899-2891] sem nú er horfinn. Hann tilheyrði Álafossi og er skráður hér vegna samhengisins en var þó í raun staðsettur langt utan við verndarsvæðið, þ.e. í landi Syðri-Reykja. Vatnið var leitt frá hvernum um rör 1100 m leið og sést brot af því á loftmynd frá 1950. Mældir voru þrír punktar [1927/1928/1929] þar sem enn mátti sjá mátti leifar af rörunu.

Steypar undirstöður fyrir tvo dýfingarpalla [1943] og [1944] eru varðveittar ofan við ána, á suðurbakkanum, og eru til minnis um sundiðkun í stíflulóninu í Varmá ofan við virkjunina. Þær eru heillegar og hafa nokkurt minjagildi. Þá mótast enn fyrir útlínunum lónsins sem var nýtt sem sundlaug [1944]. Í brekkunni ofan við Álafosskvos eru svo leikhúsbekkir [1941] úr torfi sem hafa töluvert minjagildi.

Brúin [1936] yfir ána er nýleg en liggur í eldra brúarstæði. Býlið Drift [1920], stekkur [1924] og mógrafir [1923] eru horfnar minjar.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru

friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2006.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*. Reykjavík: Þjæxi, 2005.

„Klæðaverksmiðjan Álafoss.“ *Morgunblaðið*, 27. janúar 1921, 5.

Magnús Guðmundsson. *Ull verður gull: Ullariðnaður Íslendinga á síðari hluta 19. aldar og á 20. öld*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1988.

Pétur Sigurjónsson. (1998). *Klæðaverksmiðjan Álafoss í tíð Sigurjóns Péturssonar 1917-1955-60: Fyrri hluti 1917-1939*. Reykjavík: Pétur Sigurjónsson.

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir. *Bæjarhóll Varmár: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags: Vestursvæði Ævintýragarðs*. Antikva ehf., 2021.

Árnastofnun - Örnefnasafn

Ö-Suður-Reykir: Örnefnalýsing Suður-Reykja í Mosfellsbæ. Magnús Guðmundsson skráði.

Ö-Varmá AG: Örnefnalýsing Varmár. Ari Gíslason skráði. [Ekkert ártal.]

Ö-Varmá ÁJ I: Örnefnalýsing Varmár. Athugasemdir Árna Jónssonar frá Varmá við handrit að örnefnalýsingu Ara Gíslasonar. 1967.



